

Á undangengnum árum hafa neikvæð umhverfisáhrif samgangna orðið áberandi í umræðu um umhverfis-og skipulagsmál hér á landi. Rýni á landþörf samgangna í höfuðborginni hefur ennfremur vakið athygli. Sem dæmi má nefna umræður um færslu Hringbrautar í Reykjavík, breikkun Reykjanesbrautar í Garðabæ og legu Sundabrautar í Reykjavík. Þetta endurspeglar meðal annars í tillögu um samgönguáætlun fyrir árin 2007–2018 þar sem lögð er áhersla á að auka samvinnu samgöngustofnana og skipulagsyfirvalda til að draga úr landnotkun samgöngumannvirkja og stytta leiðir við skipulag byggða. Þetta var álitid eitt af mikilvægustu verkefnum framtíðar árið 2006 en ætla má að mikilvægi þess að nýta vel landgæði og draga úr notkun innflutts eldsneytis hafi aukist enn frekar á undanförunum misserum.

### *Áætlanir, skipulagsvald og samskipti*

Sveitarfélögum ber að vinna aðalskipulagsáætlanir sem eru öflugt stjórnækid sé þeim beitt með markvissum hætti. Með því að fela sveitarfélögum áætlanagerðina má ætla að almenningur eigi greiðari leið að virkri þátttöku í ákvarðanatöku en ella. Ríkisvaldið hefur þó einnig aðkomu að aðalskipulagsgerð þar sem skipulag öðlast ekki gildi fyrr en það hefur hlotið staðfestingu umhverfisráðherra sem ber að ganga úr skugga um að áætlunin sé í samræmi við skipulags-og byggingarlög, sem hafa sjálfbæra þróun að leiðarljósi.

Samgöngur eru hluti af aðalskipulagsáætlunum en samgönguáætlanir eru hinsvegar unnar af samgöngustofnunum ríkisins og öðlast staðfestingu Alþingis. Þessi skipting valds milli stjórnsýslustiga kann að skapa togstreitu milli embætta sem kunna að hafa ólíka sýn á verkefnið. Þetta getur haft áhrif á skilvirkni áætlanna.

Mismunandi sýn, markmiðssetning og leiðir í áætlanagerð geta haft áhrif á niðurstöður framkvæmda eins og þær birtast neytendum, íbúum landsins.

Í rannsókninni eru viðhorf til áætlanagerðar um landnotkun á mismunandi stjórnsýslustigum könnuð með viðtölum og greiningu á gögnum. Þá eru áætlanagerð og framkvæmdir á samgöngukerfum erlendis kannaðar bæði í nágrannalöndum og sérstaklega í norður Ameríku, þar sem einkabilanotkun er hliðstæð hérlendri.

Markviss áætlanagerð þar sem samgöngur eru samþættar annarri landnotkun á vaxandi fylgi að fagna í löndum þar sem neikvæð áhrif umferðar hafa sett svip á umhverfi og gæði þess. Dæmi eru um að slík samþætting hafi borið góðan árangur.

Niðurstöður verkefnisins eru settar fram í tillögum að samþættum verkferlum í áætlanagerð um landnotkun. Tillögurnar krefjast sameiginlegrar sýnar á gæði umhverfis og breytinga á núverandi fyrirkomulagi á samvinnu milli stjórnsýslustiga.

### Heimildir:

*Tillaga til þingsályktunar um samgönguáætlun fyrir árin 2007–2018 dags. 03.10.2006.*

*Moore, T. Et al. 2007: The Transportation/Land Use Connection. American Planning Association*

*Terry Moore, Paul Thorsnes, Bruce Appleyard.*